
FUNDARGERÐ

Fundur: 67. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Miðvikudagur 7. október 1998, kl. 09:00
Fundarstaður: Rafmagnsveita Reykjavíkur, Ármúla 31
Fundarefni: 1) Nordel gögn um truflanir ársins 1997.
2) Stuðlar um afhendingu raforku.
3) Heimasíða fyrir START hópinn
(<http://www.afl.is/start/index.htm>).
4) Hagnýting viðhaldsgagna, tillögur fulltrúa í hópnun.
5) Fjöldi truflana í samanburði við nágrannapjódirnir.
6) Námskeið um gæði raforku.
7) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START: Guðmundur I. Ásmundsson
Rúnar Svavar Svavarsson
Pétur E. Þórðarson
Hreinn Jónasson
Jakob Ólafsson
Ólafur Pálsson
Orkustofnun: Bergur Jónsson
Landsvirkjun: Helga Jóhannsdóttir
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

- 1) JV sagði að ennþá vantaði gögn frá Rarik fyrir árið 1997 önnur en þau sem ganga inn í Nordel gögnin. PEP sagði ekki hafa vitað að þessi gögn vantaði og ætlar að athuga með þau. Fundarmenn sögðu annars að skráningin gengi vel. RSS sagði að búið væri að fara yfir gögn fyrir fyrri helming ársins hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.
- 2) Fundarmenn töldu alla þá stuðla sem koma fram í drögum sem lögð voru fram fyrir síðasta fund eiga við hér á landi en þeir henta þó fyrirtækjunum misvel. HJó benti á að Landsvirkjun hefði skilgreint suma stuðla aðeins á annan veg en þarna kæmi fram og þau stefndu að því að halda áfram að nota þá stuðla en

væru einnig tilbúin að taka upp fleiri stuðla sem einnig væru áhugaverðir. JV sagði að þær skilgreiningar sem stuðlar Landsvirkjunar byggja á hentuð þeim ágætlega en gengju ekki eins vel fyrir dreifiveiturnar. GIÁ sagði að Nordel skilgreindi ekki slíka stuðla en áhugavert var talið að samræma stuðlana sem við ætlum að leggja áherslu á við þá stuðla sem nágrannalöndin nota. JV var falið að ganga frá þessari greinargerð þegar gögn væru komin frá öllum fyrir árið 1997.

- 3) JV sagðist hafa fengið athugasemdir frá Ragnari hjá Orkubúinu varðandi uppkast að heimasíðu. Hann hefði m.a. vilja sjá hana snyrta til og voru fundarmenn sammála því. Heimasíðan hefur ekki verið aðgengileg undanfarna daga en JV ætlar að koma því í lag og ætla fundarmenn að skoða hana betur og senda JV athugasemdir (síðuna er að finna undir www.afl.is/start/index.htm og hún er komin í lag).
- 4) GIÁ sagði að þeir hefðu verið að lagfæra skráningu viðhalds til að geta hagnýtt sér betur þau gögn. Þeir hafa tekið saman niðurstöður fyrir fyrri helming ársins. Hann sagði einnig að þeir væru að huga að nýju viðhaldskerfi og best væri ef hægt væri að fá gögn um viðhald þaðan þannig að ekki væri verið að tvískrá þessa hluti. HJó sagði að þau greindu nú í sundur hvert viðhaldstilvik niður á einingar með að nota "Framhald af annarri skýrslu".
- 5) JV sagðist hafa verið í sambandi við Rafveitusambandið í Kanada til að fá skilgreiningar varðandi skráningu truflana. Hann sagði að þeir hefðu neitað að afhenda slíkt og sagt að einungis þeir aðilar sem tækju þátt í þessu samstarfi gætu fengið þessi gögn. GIÁ ætlar að kanna þetta hjá Ontario Hydro sem er með Landsvirkjun í verkefni um lykiltölugreiningu. JV sagðist hafa fengið skýrslu um truflanir hjá Transpower á Nýja Sjálandi og sagði að þeir settu þar fram mikið af upplýsingum um rekstur flutningskerfisins. GIÁ sagði að Landsvirkjun hefði fengið þessa skýrslu en benti einnig á að í Noregi væri verið að taka upp nýtt kerfi varðandi skráningu truflana og ætlar hann að senda JV upplýsingar um það.
- 6) JV dreifði bæklingi um námskeið sem fjallar um Gæði raforku og kemur frá Svíþjóð. Námskeiðið verður 26.-27. október. Einungis 3 hafa skráð sig á námskeiðið og þurfa menn að drífa í því að skrá sig því annars verður það fellt niður. Fundarmenn höfðu áhuga á námskeiðinu og sagði GIÁ að þegar hefðu 5 manns sótt um að sækja þetta námskeið.

- 7) HJó fór þá yfir samanburð á fjölda truflana hér og hjá hinum Nordel þjóðunum. Hún benti á að fjöldi truflana á línunum væri tiltölulega lítill hér á landi en varðandi aðra þætti værum við mjög há svo sem varðandi spennu, vélar og mælaspenna. Þetta er hlutur sem þarf að skoða betur til að finna ástæður þess og er hún að skoða þetta hjá Landsvirkjun og hvatti hún aðrar veitur til að gera slíkt hið sama.

JV spurði hvort ekki þyrfti að leggja fram áætlun fyrir næsta ár. GIÁ sagði að búið væri að gera áætlun fyrir næsta ár hjá þeim en hjá öðrum er slíkt ekki búið. JV var falið að gera tillögu að áætlun og senda fundarmönnum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:50.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn: “Gæði raforku”. Úr námskrá EHÍ (JV)